

Nefndasvið Alþingis

nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík 28. Nóvember 2018

Efni: Ályktun Doktorsnemanefndar Heilbrigðisvísindasviðs vegna frumvarps heilbrigðisráðherra um breytingu á lögum varðandi vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, nr. 44/2014 (gjaldtaka Vísindasiðanefndar)

Doktorsnemanefnd Heilbrigðisvísindasviðs við Háskóla Íslands telur að frumvarp heilbrigðisráðherra um breytingu á lögum varðandi vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, nr. 44/2014 (gjaldtaka Vísindasiðanefndar) muni ekki koma til með að efla vísindastarf og rannsóknir á Íslandi. Doktorsnemanefndin styður markmið ráðherra um að efla vísindastarf, en telur að inntak frumvarpsins geti komið til með að hafa þveröfug áhrif og dregið úr því góða rannsóknarstarfi sem unnið er á sviði heilbrigðisvísinda.

- 1) Í frumvarpinu er gerð grein fyrir tilefni og nauðsyn lagasetningarinnar á eftirfarandi hátt “málafjöldi hjá vísindasiðanefnd hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár en fjárveitingar til nefndarinnar hafa ekki farið vaxandi í takt við aukið umfang. Fjárhagsstaða vísindasiðanefndar hefur því verið erfið og ljóst að bregðast verður við með einhverju móti til að tryggja að nefndin geti uppfyllt þær skyldur sem henni eru faldar í lögum um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, nr. [44/2014](#)”
 - a) Við erum sammála því að þörf sé á umbótum á stöðu Vísindasiðanefndar til að hún geti uppfyllt skyldur sínar og tryggt siðferði og vísindaleg gæði heilbrigðisrannsókna. Við teljum hins vegar að reglugerð um gjaldtöku sé hvorki hagkvæm né til þess fallin að auka gæði rannsókna í heilbrigðisvísindum á Íslandi. Við teljum ljóst að leysa þurfi vanda Vísindasiðanefndar með öðrum hætti en gjaldtöku eins og lýst er í frumvarpinu. Ástæður okkar fyrir þeirri ályktun eru taldar í eftirfarandi liðum:
- 2) Í frumvarpinu kemur fram að gjaldtaka umsókna lýtur að bæði upphafi og breytingum á vísindarannsóknum á Heilbrigðisvísindasviði.
 - a) Í fyrsta lagi er hætta á því að draga muni úr fjölda umsókna til Vísindasiðanefndar, sökum kostnaðar, þar sem staða fjármögnunar heilbrigðisrannsókna er ekki eins sterk og æskilegt væri.
 - b) Við teljum að fyrirkomulagið muni draga úr breytingatillögum vísindarannsókna þar sem fjárhagsáætlun rannsakenda geti ekki staðið straum af kostnaðinum sem þeim fylgir. Slíkar breytingar, sem gætu komið til með að bæta gæði verkefna, verða þá síður gerðar og þar með dregur úr gæðum rannsókna.
 - c) Þar sem hvergi er minnst á hækkun rannsóknastyrkja eða aðra fjármögnun rannsókna, með tilliti til frumvarpsins, eru miklar líkur á því að fé sem hefði verið varið í rannsóknastarf muni verða nýtt til þess að standa straum af þessum kostnaði.
 - d) Þó að norrænar fyrirmyndir að slíkri gjaldtöku séu til staðar er fjárhagslegt og styrkjatengt landslag þeirra landa töluvert ólíkt því sem þekktist hér og því er ekki hægt að gera ráð fyrir því að rannsakendur, jafnvel þeir sem fastráðnir eru við háskóla eða stofnanir, hafi tök á því að hefja eða breyta rannsóknum.

- 3) Við teljum að frumvarpið komi til með að hafa áhrif á háskólasamfélagið og tengdar stofnanir, rannsóknarfyrirtæki, sjálfstæðar stofnanir og aðra sjálfstæða rannsakendur sem framkvæma vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, eins og nefnt er í frumvarpinu.
 - a) Þrátt fyrir að fyrirtæki rekin í hagnaðarskyni hafi tök á því að greiða umsókna- og breytingagjöld, teljum við að það geti leitt til þess að slík fyrirtæki leiti frekar út fyrir landsteinana til þess að framkvæma prófanir, til að mynda til erlendra háskóla eða stofnanna. Það er nú þegar kostnaðarsamt að standa fyrir rannsóknum hérlendis, en aukinn kostnaður mun draga enn frekar úr eftirsókn eftir því að framkvæma rannsóknir á Íslandi. Þannig verða færri tækifæri til heilbrigðisrannsókna hérlendis og samstarf milli fyrirtækja og háskóla veikist.
- 4) Samkvæmt frumvarpinu verður heimilt að gera undanþágu frá gjaldtöku fyrir nemendarannsóknir, í því skyni að letja ekki nemendur sem eru að stíga sín fyrstu skref í rannsóknum. Það er afar mikilvægt að þessi undanþága verði ávallt nýtt. Því teljum við að undanþágan ætti að vera bundin í löginn sjálf svo að seinni ríkisstjórnir geti ekki dregið undanþáguna til baka.
 - a) Þrátt fyrir að hagsmunum nemenda yrði ef til vill gætt með möguleikum á slíkri undanþágu hefur frumvarpið þýðingarmikil áhrif fyrir nýdoktora og rannsakendur sem ekki eru fastráðnir innan stofnanna. Tímabilið frá lokum doktorsgráðu fram að fastráðningu lengist sífellt og hætta er á að gjaldtaka sem sú sem hér er lögð til muni auka enn frekar brottfall úr röðum nýrannsakenda sem myndi hafa afar slæm áhrif á framtíð rannsóknarstarfs á Íslandi.
 - b) Það þarf að vera skýrt hvað átt er við með hugtakinu "nemandi". Er einvörðungu átt við doktorsnema, eða teljast grunn- og meistaranemar einnig til "nemanda" í þessum skilningi.
 - c) Markmið íslenskra háskóla er að færa sig nær norræna módelinu þar sem doktorsrannsakendur eru ráðnir inn sem starfsmenn og er staða þeirra í háskólasamfélaginu óljós eða í nokkurs konar millibili á milli starfsmanns og nemanda. Það þarf að tryggja að verði slíkt kerfi tekið upp þá muni undanþágan ennþá gilda um doktorsnema.
 - d) Nemendarannsóknir eru oft hluti af stærri verkefnum, bæði innan háskólasamfélagsins og í samstarfi við fyrirtæki eða aðrar stofnanir. Til að mynda sækja leiðbeinendur oft um styrki fyrir slík verkefni og auglýsa stöðu doktors- eða meistaranema. Einnig eru stærri styrkir, s.s. öndvegisstyrkir, sem veittir eru hjá Rannís á þann veg að verkefnastjóri (principal investigator) er í forsvari umsóknarinnar en sá einstaklingur þarf að hafa lokið rannsóknatengdu framhaldsnámi. Í slíkum rannsóknum þarf oft á tíðum að sækja um fleiri en eitt leyfi til Vísindasiðanefndar og namar koma oft að ákveðnum hlutum verkefnisins. Óljóst er hvaða hlutar slíkra verkefna teljast til nemendaverkefna og hvort að undanþágan myndi gilda um slík tilvik þegar það er verkefnastjóri eða leiðbeinandi sem sækir um. Þó að hagsmunum þeirra nema sem sækja um án slíkra rannsóknatenginga verði gætt, getur staða þeirra sem vinna í umfangsmeiri verkefnum háskólanna eða samstarfsverkefnum skerst ef undanþágan gildir ekki um þá, sbr. atriði 1-2 hér að ofan, þ.e. að rannsóknarumsóknum bæði háskóla og fyrirtækja fækki. Einnig gæti það leitt til þess að verkefnastjóri sem þarf að greiða fyrir umsóknina

úr eigin rannsóknarsjóði myndi síður sækja um doktorsnemastöður. Slíkt fer gegn stefnu Rannís sem leggur áherslu á þjálfun ungra vísindamanna s.s. framhaldsnema og/eða nýdoktora til að efla stöðu vísinda hér á landi.

- e) Hægt er að sækja um í doktorsstyrkjasjóði Háskóla Íslands áður en nemandi hefur verið tekinn inn í nám. Með umsókn í sjóðinn þarf að fylgja staðfesting um leyfi frá Vísindasiðanefnd. Umsækjandi væri þá ekki formlega nemandi ennþá, myndu slíkar umsóknir samt falla undir nemendarannsóknir? Þá geta leiðbeinendur sótt um styrk í doktorsstyrkjasjóði HÍ án þess að hafa ákveðinn nemanda í huga. Þeir þurfa að sama skapi að hafa leyfi frá Vísindasiðanefnd. Ef leiðbeinandur þyrftu að borga fyrir leyfi þá myndu þeir mögulega síður sækja um doktorsstyrki sem gæti fækkað rannsóknnum á sviðinu.

Virðingarfyllst,

f.h. Doktorsnemanefndar Heilbrigðisvísindasviðs við Háskóla Íslands í samvinnu við Félag
Doktorsefna og Nýrannsakenda við Háskóla Íslands (FEDON)

Vigdís Vala Valgeirsdóttir

Vigdís Vala Valgeirsdóttir, formaður Doktorsnemanefndar HVS og varaformaður FEDON